



Verklagsreglur vegna vals á hjólréiðafólki ársins

- 1.gr. Val á hjólréiðafólki ársins og afhending verðlauna HRÍ er samstarfsverkefni HRÍ og aðildarfélaga.
- 2.gr. Öll félög sem aðilar eru að Hjólréiðasambandi Íslands hafa rétt á að tilnefna einn karl og eina konu úr sínu félagi sem til greina koma sem hjólréiðamaður og hjólréiðakona ársins.
- 3.gr. Einnig hafa þau rétt á að velja einn karl og eina konu úr U23 ára flokki eða yngri úr sínu félagi sem til greina koma sem efnilegasti hjólréiðamaður/kona ársins.
- 4.gr. Þeir sem eru tilnefndir til kjörs á hjólréiðamanni og hjólréiðakonu ársins skulu hafa náð 16 ára aldri.
- 5.gr. Tilnefningunum skal fylgja greinagerð ásamt mynd af viðkomandi hjólréiðamanni / hjólréiðakonu. Í greinagerðinni skal koma fram eftirfarandi:
 - a. Afrek / keppni erlendis á árinu (félag / landslið) í unglíng- eða fullorðinsflokki
 - b. Afrek / keppni á Íslandi í unglíng- eða fullorðinsflokki
 - c. Umsögn um hjólréiðamanninn – afrek, karakter, stefna, o.s.frv.
- 6.gr. Tilnefningum skal skila til stjórnar HRÍ fyrir kl. 16 þann 25. október ár hvert. Stjórn HRÍ er heimilt að taka ákvörðun um annað fyrir 10. október liggja rík ástæða að baki. Stjórn HRÍ skal taka tilnefningarnar saman og senda á kjörnefnd eins fljótt og hægt er.
- 7.gr. Val á hjólréiðamanni og hjólréiðakonu ársins er í höndum formanna aðildarfélaga, stjórnar HRÍ og fulltrúa allra fastanefnda HRÍ. Stjórn HRÍ hefur umsjón með kjörinu. Nefndarmaður í kjörnefnd skal víkja sæti og kalla til varamann ef hann er eða hefur verið maki einstaklings sem er tilnefndur í kjörinu, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Boða skal kjörnefnd til fundar með að lágmarki sjö sólarhringa fyrirvara fyrir 29. október ár hvert. Á fundinn skal jafnframt boða fulltrúa þeirra félaga sem eiga fulltrúa í kjöri með það að markmiði að kynna nánar afrek þeirra sem tilnefnd eru.
- 8.gr. Við val á hjólréiðamanni og hjólréiðakonu ársins skulu þeir sem hafa rétt til að greiða atkvæði taka tillit til árangurs á árinu sem kjörið á við um. Einnig skal tillit tekið til reglusemi og ástundunar, þróðmennsku og framfara.
- 9.gr. Á fundi kjörnefndar skal stjórn HRÍ dreifa kjörseðlum með nöfnum þeirra sem tilnefnd eru. Á kjörseðil skal rita tölurnar :
 - a. 1, fyrir þann hjólréiðamann/hjólréiðakonu sem viðkomandi nefndarmaður velur í 1. sæti
 - b. 2, fyrir þann hjólréiðamann/ hjólréiðakonu sem viðkomandi nefndarmaður velur í 2. sæti
 - c. 3, fyrir þann hjólréiðamann/ hjólréiðakonu sem viðkomandi nefndarmaður velur í 3. sæti

Við talningu atkvæða skal 1. sæti gefa 10 stig, annað sæti 7 stig og þriðja sæti 5 stig.

Ef tveir eða fleiri einstaklingar verða jafnir ræður eftirfarandi röð manna:

1. Fleiri atkvæði í fyrsta sæti
2. Fleiri atkvæði í annað sæti
3. Fleiri atkvæði í þriðja sæti

Sami háttur er hafður í vali á efnilegasta hjólréiðafélaganna.

- 10.gr. Útnefning á kjöri hjólréiðamanns og hjólréiðakonu ársins fer fram á lokahófi HRÍ.
- 11.gr. Veita skal sérstaka bikara til hjólréiðamanns og hjólréiðakonu ársins. Bikarar eru farandbikarar og vinnast því aldrei til eignar. Bikarar eru í vörslu verðlaunahafa fram að næsta kjöri. HRÍ afhendir einnig bikarhöfunum viðurkenningu til minningar um val þeirra.